

Nd.

304. Frumvarp til laga

[125. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll, samkvæmt a-, c-, og d-lið 38. greinar greiða þessar grunnupphæðir:

1. Til ekkju eða ekkils, samkv. fyrri málslið a-liðs kr. 37.000.00
2. Til uppkomins barns eða systkinis, samkv. c-lið, enda hafi hlutaðeigandi verið á framfæri hins látna vegna skorts á starfsgetu — 7.000.00 til 21.000.00
3. Til foreldris, samkv. d-lið — 7.000.00 — 21.000.00

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 12.800.00 krónum samtals fyrir hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð.

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótarbóta samkv. 1.—3. tl. þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 12.800.00, sem skiptast milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkv. b-lið 38. gr., ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

2. gr.

Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Viðbótardánarbætur samkvæmt 39. grein skal greiða fyrir dauðaslys lögskráðra sjómanna, sem orðið hafa eftir 31. des. 1958. Jafnframt skal ráðherra setja nýjar reglur um áhættuðgjöld sjómanna samkvæmt 43. gr. laganna og gilda þær frá og með 1. janúar 1959.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 3. janúar s. l. var undirritaður samningur milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og sjómannasamtakanna innan Alþýðusambands Íslands um fisk-verð o. fl.

Önnur grein samnings þessa er svo hljóðandi:

„Aðilar eru sammála um að beita sér fyrir því við ríkisstjórn og Alþingi, að breyting verði samþykkt á yfirstandandi Alþingi á tryggingalöggjöfinni til hækkunar slysabóta sjómannatryggingarinnar um 100% á sama hátt og gert var með lögum nr. 50 frá 20. apríl 1954, sbr. 19. gr. laga nr. 38 frá 27. febrúar 1953, eða að kaupa viðbótartryggingu sbr. ofanritað.“

Alþýðusamband Íslands ritaði félagsmálaráðuneytinu hinn 17. febrúar s. l. og óskaði eftir því að ráðuneytið hlutaðist til um að samið yrði og flutt á yfirstandandi Alþingi frumvarp í samræmi við nefnda samningsgrein. Samhljóða tilmæli bárust sjávarútvegsmálaráðuneytinu frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna í bréfi þess dags. 16. febrúar.

Ríkisstjórnin vill verða við þessum óskum sjómannasamtakanna og Landsambands íslenzkra útvegsmanna og hefur látið semja frumvarp það, sem hér liggur fyrir.

Í frumvarpinu felst það, að slysabætur vegna dauða lögskráðra sjómanna, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll, hækka um 100% frá því sem nú er.

Ætlazt er til þess að hækkun þessi gildi frá s. l. áramótum þannig að þessar hækkuðu bætur greiðast vegna allra dauðaslysa lögskráðra sjómanna sem orðið hafa eftir þann tíma. Væntanlegar reglur um áhættuðgjöld sjómanna skulu og gilda frá sama tíma.